

ÚTBOÐ

Útboð 15804 - Nýr Landspítali við Hringbraut, meðferðarkjarni Auglýsing fyrir fullnaðarhönnun meðferðarkjarna

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR), fyrir hönd verkkaupa sem er Nýr Landspítali ohf. (NLSH), óskar eftir tilboðum í fullnaðarhönnun á meðferðarkjarna, um 58.500 m², sem verður hluti af nýjum Landspítala við Hringbraut. Verkefnið flokkast undir opinberar framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Hér er um að ræða opið útboð, auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Fyrirkomulag útboðs er svokallað tveggja umslaga kerfi. Þjóðendur skulu skila annars vegar inn upplýsingum um hæfni og reynslu og hins vegar tilboði í þóknun fyrir ráðgjafarstörf.

Sjá nánar um verkefnið, gerð og frágang tilboðs, skil meðferð og mat o.fl. í útboðs- og samnings-skilmálum verkefnisins.

Ekki verður greitt fyrir tilboðsgerð.

Tungumál útboðs þessa og alls verkefnisins er íslenska að undanskildum samskiptum við nauðsynlega birgja, vottunaraðila o.fl. sem mega vera á ensku.

Útboðsgögn verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is frá og með miðvikudeginum 29. apríl nk.

Tilboðum skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, eigi síðar en fimmtudaginn 25. júní fyrir kl. 11.00.

Á þeim fundi verða fyrri umslög tilboða opnuð.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

